

Hvernig geta fyrirtæki aukið sýnileika og bætt innheimtuferla?

Kröfukerfi Applicon er einföld hugbúnaðarlausn sem heldur utan um innheimtukröfur fyrirtækja og samskipti við fjármálastofnanir. Í Kröfukerfi Applicon er hægt að sjá allar kröfur sem stofnaðar hafa verið og stöðu þeirra í bankanum, þ.e. hvort þær eru greiddar, ógreiddar, greiddar að hluta, niðurfelldar, í milliinnheimtu eða í lögræðiinnheimtu. Kröfukerfið heldur utan um alla vinnslu varðandi samskipti við bankana og býður einnig upp á samskipti við þriðja aðila, t.d. innheimtufyrirtæki og prentþjónustur.

Með Kröfukerfi Applicon fá fyrirtæki skýra sýn á útistandandi kröfur og þá áföllnu liði sem komnir eru á hverju sinni. Með því að sjá allar kröfur á ákveðnum gjaldþega er hægt að bregðast fyrir við ef innheimtuferli hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Afstemming Kröfukerfis listar út þær kröfur sem ekki eru eins í upprunakerfi, kröfukerfi og banka. Þessi aðgerð kemur í veg fyrir að kröfur séu ennþá lifandi í bankanum þrátt fyrir að vera niðurfelldar í upprunakerfi og að millifærslur berist frá viðskiptavinum vegna rangra greiðsluseðla.

Kröfukerfi Applicon hefur verið hannað með það fyrir augum að vera staðlað en um leið sveigjanlegt. Með þessu er átt við að uppfærslur eru einfaldar en stillingar á kerfinu gera það um leið þægilegt í uppsetningu. Samþætting Kröfukerfis við aðra kerfishluta er góð hvort sem það er lánakerfi, fjárhagskerfið eða sölukerfið.

Helstu kostir:

- Einfalt notendaviðmót og skýr framsetning gagna
- Allar innheimtukröfur stofnaðar í banka á einum stað
- Skýrsla sem sýnir þær kröfur sem munu stofnast
- Styður undir styttra og markvissara innheimtuferli
- Fullkomlega samþætt öðrum kerfishlutum SAP
- Innleiðingarferli markvisst og stutt
- Rekjanleiki og söguskráning allra breytinga
- Afstemming milli upprunakerfis, Kröfukerfis og bankastofnunar



Applicon er hugbúnaðar- og ráðgjafar-fyrirtæki á sviði SAP og Microsoft lausna, með gullvottun frá báðum vörumerkjum. Applicon starfar í fjórum löndum; Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi. Starfsmenn Applicon félaganna eru rúmlega 200. Hjá Applicon á Íslandi starfa yfir 80 manns með mikla reynslu af margvíslegum verkefnum. Applicon er fyrirtæki ársins 2007 samkvæmt könnun VR.

Lausnir Applicon eru sérsniðnar að þörfum fyrirtækja á íslenskum markaði. Þróun þeirra byggir á yfir 10 ára reynslu af samstarfi með viðskiptavinum fyrirtækisins sem margir hverjir eru meðal öflugustu fyrirtækja landsins. Lausnir Applicon eru áreiðanlegar og tryggja notendum ávinning í daglegu vinnuumhverfi. Starfsmenn Applicon eru með víðtæka þekkingu á rekstrarumhverfi fyrirtækja sem tryggir viðskiptavinum Applicon góða og örugga þjónustu.

Einföld uppsetning

Yfirtaka og grunnuppsetning á Kröfukerfi Applicon er einföld og sveigjanleg. Öll afstemming við yfirtöku er unnin með sjálfvirkum hætti. Allar stillingar eru aðgengilegar á hefðbundin hátt í SAP þannig er einfalt að breyta uppsetningu kerfisins s.s. eindagareglu, vanskilagjöldum og bankareikning. Einnig er einfalt að taka tillit til ýmissa viðskiptamannahópa hjá fyrirtækjum t.d. varðandi mismundi dráttavxtareglur eða önnur gjöld.

Minna utanumhald

Þegar búið er að stofna kröfur í bankanum er lesin svarskrá sem uppfærir hvort um beingreiðslu eða venjalegan greiðsluseðil er að ræða. Fyrirtæki þurfa því ekki lengur að halda utan um hvaða viðskiptavinir eru í greiðsluþjónustu bankanna heldur stofnast þær kröfur nú sjálfkrafa í beingreiðslu. Með þessu sparast heilmikið utanumhald um greiðsluhagi viðskiptavina. Notendur geta breytt kröfum án fyrirhafnar eftir að þær hafa verið stofnaðar eða verið sendar til banka. Við innlestur greiðslna býður kerfið upp á bókun og sjálfvirka útjöfnun.

Rekjanleiki

Rekjanleiki í kerfinu er mjög góður og er hver aðgerð skráð, hvort sem um er að ræða breytingar á kröfunni sjálfri eða samskipti við bankana. Aðgerðasagan heldur utan um hver framkvæmdi hvaða aðgerð, klukkan hvað og fjölda færslna sem var framkvæmdur. Auk þessa er aðgengilegur villulisti sem skráir þau frávik sem möguleg eru. Kerfið sér einnig um að endursenda aftur til banka þær kröfur sem hafa farið á villu, t.d. ef ekki var samband við banka.

Fjölþætt reynsla

Kröfukerfið hefur nú þegar verið sett upp hjá stórum og smáum fyrirtækjum og aðlagð að ferlum hvers og eins. Uppsetning kerfisins er sveigjanleg og gefur mikla möguleika á mismunandi innheimtuferlum fyrir ólíkar vörur eða viðskiptamannahópa fyrirtækja. Dæmi um notkun fyrirtækja á þessu er að ákveðnar kröfur fara í milliinnheimtu en aðrar fá aðeins á sig dráttavexti. Þarfir hvers fyrirtækis eru greindar og er markmiðið að einfalda utanumhald í kringum innheimtu og færa flesta ferla í sjálfvirkni.

Meðal viðskiptavina sem nota Applicon Kröfukerfi eru: Pósturinn, Sjóvá, Akureyri, Kaupþing.

REYNSLA VIÐSKIPTAVINAR:

„Með kröfukerfi Applicon erum við búin að tengja saman upplýsingar frá viðskiptabanka okkar og bókhaldskerfinu okkar. Kominn er grundvöllur fyrir beinlínutengingu sem gerir okkur kleift að vinna á rauntímaupplýsingum bankans, bæði hvað varðar kröfuupphæð og vexti. Auk þess eru forsendur fyrir þjónustukaupum og öðrum samskiptum við ytri aðila gjörbreytt. Yfirsýn í formi greiningar og áætlunargerðar er nú til staðar sem nýtist beint bæði fyrir innheimtu og sjóðsstýringu. Afstemming og eftirlit er einfaldara og öll þjónusta gagnvart viðskiptavinunum. Kröfukerfið er því mikilvægt verkfæri fyrir Sjóvá til sækja fram og auka þjónustuna enn frekar.“

Páll Skaftason,
forstöðumaður, fjármálasvið Sjóvá.